

Ísafirði 27.04.2021

Ársfundur Starfsendurhæfingar Vestfjarða

Ársfundur Starfsendurhæfingar Vestfjarða verður haldinn þriðjudaginn 11. maí n.k. kl. 14:00. Áformað er að fundurinn verði haldinn í Vinnuveri, húsnæði SEV að Suðurgötu 9, Ísafirði. Þó með þeim fyrirvara að verði samkomutakmarkanir hertar umfram það sem nú er eða fjöldi þátttakenda umfram fjöldatakmarkanir, verður breytt yfir í fjarfundarform. Á fundinum verður auk almennra ársfundarstarfa, stutt erindi um málefni tengt starfsendurhæfingu.

Allir stofnaðilar geta tilnefnt fulltrúa til stjórnarkjörs bæði í aðal- og varastjórn. Tilkynna skal um tilnefningar til forstöðumanns fyrir 6. maí nk. á netfangið harpa@sev.is

Rétt til fundarsetu á ársfundi hafa fulltrúar stofnaðila Starfsendurhæfingar Vestfjarða.

Dagskrá ársfundarins er eftirfarandi:

1. Skýrsla formanns.
2. Skýrsla forstöðumanns.
3. Ársreikningur liðins árs kynntur og lagður fram til samþykktar.
4. Kosning til stjórnar sbr. 4. gr.
5. Kosning endurskoðenda.
6. Önnur mál.

Vinsamlega tilkynnið þátttöku til Hörpu Lindar á netfangið harpa@sev.is fyrir fimmtudaginn 6. maí nk.. Tilkynning þátttöku er mikilvæg í ljósi skipulags fundar vegna samkomutakmarkana.

Með kveðju

F.h. Starfsendurhæfingar Vestfjarða

Harpa Lind Kristjánsdóttir

Forstöðumaður SEV